

FYLGISKJAL NR. 1038

DAGS 26.05.2005

SAMANTEKT:

717. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar (Haraldur Sverrisson, formaður, Klara Sigurðardóttir, þróstur Karlsson og Jónas Sigurðsson, áheyrnarfulltrúi og Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri – Elín Lára Edwards, ritari bæjarstjóra, ritaði fundargerð)

Dagskrárliðirnir nr. 7 og 8 voru teknir fyrir sem varðaði annars vegar erindi Tré-búkka ehf vegna Láguhlíðar og hins vegar lögmannsstofunar Regula vegna Hamrafells í Mosfellsbæ.

Sagt að Haraldur Sverrisson hafi vikið fundi undir báður liðum þessa fundar.

Samþykkt með 3 atkvæðum að bjóða út hönnun á götum, stígum og lögnum á deiliskipulögðu landi Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar. Jafnframt samþykkt að samningar um endurbyggingar/byggingarrétt sem þegar hafa verið gerðir við lóðahafa gildi áfram.

Einnig samþykkir bæjarráð í samræmi við gildandi deiliskipulag niðurrif húsa/útihúsa í landi Hamrafells og Láguhlíðar enda beri lóðarhafar kostnað af niðurrifi og förgun.

Bæjarráð samþykkir með þremur atkvæðum að samið verði sérstaklega um ráðstöfun lóða samkvæmt gildandi deiliskipulagi í landi Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar sem og gatnagerðargjöld og önnur gjöld á svæðinu.

